

# Skýrsla stjórnar Kvenréttindafélags Íslands fyrir starfsárið 2015

Yfirlit yfir starfsárið.....	2
Starfsmenn Kvenréttindafélagsins .....	4
Innlend verkefni 2015 .....	4
Fundir og hátíðir á árinu.....	4
Kaka ársins 2015.....	4
Baráttufundur á alþjóðadegi kvenna 8. mars.....	4
Women Deliver: Invest in Girls and Women – It Pays.....	4
Minningsfundur um Sigurð Jónasson, þýðanda Kúgun kvenna.....	5
Staða kvenna í Japan .....	5
17. júní á Hrafnseyri .....	5
19. júní, 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna .....	5
Þjóðin sem valdi Vigdísí.....	5
Menningarhátíð kvenna: Femínismi í 100 ár á menningarnótt .....	6
Verka-Konur .....	6
Afhjúpun á minningarstöpli á Blönduósi.....	6
Kynleg kennsla: samnorraent málþing um kynjafræði í framhaldsskólum.....	6
Stefnumótunarfundur Kvenréttindafélags Íslands.....	7
Femínísk veisla á kvennafrídaginn.....	7
Málþing um málefni transfólks sem hluti af femínískri baráttu.....	7
Loftslagsgangan.....	7
Úurnar, jólin 2015 .....	7
Opinn fundur með Amal Jadou frá Bethlehem .....	8
Hátíðarsýning á kvikmyndinni Suffragette .....	8
Ný lög Kvenréttindafélags Íslands .....	8
Tímaritið 19. júní .....	9
Merki Kvenréttindafélagsins .....	9
Heimasíða Kvenréttindafélagsins.....	10
Stöðvum hrelliklám .....	11
Opið hús – Kvennaheimilið Hallveigarstaðir .....	11
16 daga átak gegn ofbeldi gegn konum .....	12
Hlaðvarp um Úur og pólitískar konur .....	12
Umsagnir um lagafrumvörp .....	12
Umsögn um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum um málefni fatlaðs fólks.....	12
Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum (heimilisofbeldi). .....	13
Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (bann við hefndarklámi). .....	13

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra.....	14
Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Jafnréttissjóð Íslands.....	14
Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. ....	15
Umsögn um drög að lagafrumvarpi um breytingar á hegningarlögum. ....	15
Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. ....	15
Ályktanir, áskoranir og erindi .....	16
Jafnréttisráð .....	17
Afmælisárið 2015 .....	18
Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.....	18
Farandsýningin „Veggir úr sögu kvenna“ .....	18
Erlent samstarf 2015 .....	19
IAW .....	19
CSW – Fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna .....	19
Feministiskt Nätverk Norden .....	19
NIKK .....	20
Samnorraent námsefni í kynjafræði 2014 – 2016.....	20
Online Violence Against Women 2015 – 2017 .....	21
EEA sjóðir.....	21
Feminoteka, Pólland.....	21
Metina lista, Slóvenía .....	21
CESI, Króatía .....	22
Nora, Króatía .....	22
Seminar om hadytringer og sexisme.....	22
GISWatch 2015 – Sexual Rights and the Internet .....	22
Grundtvig – Erasmus .....	22
NGO Forum, Lettland .....	22
NGO Forum, Portúgal .....	23
Conférence – Égalité entre femmes et hommes dans la prise de décision politique et économique?.....	23
Félagaöflun.....	23

## Yfirlit yfir starfsárið

Hallveigarstaðir, Reykjavík 11. janúar 2016

Starfsárið 2015 var mótað af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

Kvenréttindafélag Íslands stóð fyrir farandsýningu um sögu kvennabaráttunnar á Íslandi. Sýningin ferðaðist hringinn í kringum landið og var sett upp í samstarfi við sveitarfélög á hverjum sýningarstað. Sýningin var sett upp í Snorrastofu í Reykholti í Borgarfirði, í Norska húsinu á Stykkishólmi, í Safnahúsinu á Ísafirði, í sundlauginni á Blönduósi, í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri, í Safnahúsinu á Húsavík, í Sláturhúsinu á Egilsstöðum, á Listasafni Svavars Guðnasonar í Ráðhúsi Hafnar í Hornafirði, í Safnahúsinu í Vestmannaeyjum, á Hótel Selfossi í Árborg, í Stofunni í Reykjanesbæ og á Hallveigarstöðum í Reykjavík. Í tengslum við sýninguna voru haldnir viðburðir í hverju sveitarfélagi fyrir sig til að minnast sögu kvenna.

Starf félagsins á árinu var einnig mótað af ákvörðun sem tekin var í lok júní 2014, að Kvenréttindafélagið myndi ekki halda opna viðburði í hátíðarsal Hallveigarstaða fyrr en aðgengi væri tryggt fyrir fatlaða. Stólalyfta var loks opnuð í húsinu í apríl 2015, við mikla gleði íbúa.

Aðal- og landsfundur Kvenréttindafélags Íslands var haldinn 28. apríl 2015, þar sem samþykkt voru ný lög félagsins. Eldri lög félagsins höfðu verið samþykkt á landsfundi 24. mars 2001 og voru að mörgu leyti óhentug fyrir núverandi starfsemi félagsins, enda gerðu þau lög ráð fyrir að félagið væri landssamband og að því ættu önnur félög aðild. Þessi lög höfðu að mörgu leyti hamlað félaginu, og voru því ný lög samþykkt á aðal- og landsfundi 2015 þar sem fellt er úr gildi skyldur félagsins sem landssambands.

Ný stjórn Kvenréttindafélagsins var kosin á aðal- og landsfundi. Fríða Rós Valdimarsdóttir er formaður og Steinunn Stefánsdóttir er varaformaður. Í stjórn eru einnig Dagný Aradóttir Pind, Helga Dögg Björgvinsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Hugrún R. Hjaltadóttir, Tatjana Latinovic. Varastjórn skipa Eygló Árnadóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Snæfríður Ólafsdóttir.

Úr stjórn vék Hrafnhildur Ragnarsdóttir og þökkum við henni vel unnin störf.

Ný stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna var kosin á aðal- og landsfundi. Nýr formaður Menningar- og minningarsjóðs kvenna er Hugrún R. Hjaltadóttir, sem einnig er fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands. Aðrar í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna eru: Anna Wozniczka, Halldóra Traustadóttir, Helga Baldvins- og Bjargadóttir og Júlíana Signý Gunnarsdóttir. Varamenn eru: Dögg Mósesdóttir, Helga Dögg Björgvinsdóttir (fulltrúi stjórnar Kvenréttindafélags Íslands), Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Þóra Jónsdóttir og Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir.

Úr stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna víkja fráfarandi formaður Kristín Þóra Harðardóttir, Margrét Kr. Gunnarsdóttir, Esther Guðmundsdóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir. Úr varastjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna víkja: Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir. Þökkum við þeim vel unnin störf til margra ára.

Árið 1944 var sú ákvörðun tekin á landsfundi að konur innan Kvenréttindafélagsins sem einnig gegndu trúnaðarstörfum í flokkum landsins, skyldu starfa náið með framkvæmdastjórn Kvenréttindafélagsins, auka samgang félagsins við flokka landsins, og tryggja það að starf og umræður Kvenréttindafélagsins einkenndust af þverpólitískum sjónarmiðum. Á þessari öld höfðu þessi tengsl breyst að einhverju leyti og síðustu árin hefur verið leitað til stjórnmalaflokka sem eiga sæti á Alþingi til að skipa fulltrúa í stjórn Kvenréttindafélagsins. Á aðal- og landsfundi 2015 var slitið á þessi samskipti, enda hafa þau ekki reynst skilvirkt. Er það þó forgangsatriði hjá stjórnarkonum félagsins að viðhalda þessum gömlu tengslum við stjórnmalaflokkana, enda hefur þau reynst okkur vel til að tryggja þverpólitískt samstarf innan félagsins. Er það hugur stjórnar að endurvekja og treysta þessu gömlu tengsl sem sett voru á 1944, með nýjum forsendum.

Félagið tók á árinu á móti fjölda erlendra blaðamanna, kvenna- og mannréttindasamtaka og annarra gesta sem vildu fræðast um jafnréttismál og stöðu kvenna hér á Íslandi.

## Starfsmenn Kvenréttindafélagsins

Kvenréttindafélag Íslands hefur einn starfsmann. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastýru félagsins, í hálfu starfi, síðan nóvember 2011. Í upphafi árs 2015 var starfshlutfall Brynhildar hækkað í 75%.

Vigdís Friða Þorvaldsdóttir, nemandi við Háskóla Íslands, starfaði hjá Kvenréttindafélaginu sumarið 2015 við skrif á skýrslunni „Stöðvum hrelliklám: Löggjafir og umræða“. Var starf hennar fjármagnað af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Ljóst er, að til þess að tryggja félaginu farsælan framgang, þar að tryggja fjármögnun starfsmannahalds í hærra hlutfall en 75%.

## Innlend verkefni 2015

### Fundir og hátíðir á árinu

#### *Kaka ársins 2015*

Landssamband bakameistara kynnir „Köku ársins“ konudagshelgina ár hvert. Árið 2015 fékk Kvenréttindafélag Íslands fyrst að smakka kökuna, í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Þar sem félagið hafði tekið þá ákvörðun að ekki halda opna fundi í samkomusal Hallveigarstaða þar til að aðgengi fatlaðra hefði verið tryggt, var ákveðið að halda lokaða veislu 19. febrúar þar sem stjórn Kvenréttindafélagsins og Menningar- og minningarsjóðs kvenna var boðið, ásamt öllum starfsmönnum félaga og fyrirtækja sem starfa á Hallveigarstöðum. Var viðburðinum ætlað að auka samkennd þeirra sem starfa á Hallveigarstöðum að mannréttindum og félagsstörfum.

#### *Baráttufundur á alþjóðadegi kvenna 8. mars*

8. mars var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna fyrir friði og jafnrétti í lönó. Að vanda tók Kvenréttindafélag Íslands þátt í undirbúningi viðburðarins ásamt fjölda annarra félagasamtaka. Bar fundurinn yfirskriftina Femínismi gegn fasisma, og leitað var svara við þeirri krefjandi spurningu hvort stjórnmalabátttaka kvenna eða hugmyndafræði femínismans geti veitt svör eða andspyrnu við vaxandi fylgi hægriöfgaflokka innan Evrópu.

#### *Women Deliver: Invest in Girls and Women – It Pays*

13. apríl stóð Kvenréttindafélagið fyrir kynningarfundum þar sem sagt var frá alþjóðlegri ráðstefnu um femínisma og kvenréttindi í Kaupmannahöfn sem fram fer í maí 2016 í Kaupmannahöfn. Jill Sheffield, skipuleggjandi ráðstefunnar, mætti á Hallveigarstaði og sagði gestum frá ráðstefnunni og möguleikum til þátttöku.

### *Minningarfundur um Sigurð Jónasson, þýðanda Kúgun kvenna*

29. apríl stóð Kvenréttindafélagið fyrir minningarfundum um Sigurð Jónasson, þýðanda *Kúgun kvenna* eftir John Stuart Mill. Skipuleggjandi fundarins var Þór Jakobsson, frændi Sigurðar, sem vann að undirbúningi minnisvarða um Sigurð. Fríða Rós Valdimarsdóttir flutti kveðju frá félaginu á fundinum og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði fundi.

### *Staða kvenna í Japan*

22. maí stóð Kvenréttindafélagið að fundum um kvenréttindi í Japan. Mitsuko Shino, japanski sendiherrann á Íslandi ræddi almennt um kvenréttindi og stöðu kvenna í Japan. Var fundargestum boðið upp á kaffi, súpu og brauð. Fundurinn var haldinn í samstarfi með Kvenfélagasambandi Íslands.

### *17. júní á Hrafnseyri*

17. júní var Steinunni Stefánsdóttur varaformanni Kvenréttindafélagsins boðið að halda hátíðarræðu á Hrafnseyri, fæðingar bæ Jóns Sigurðssonar, í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna. Hægt er að lesa ræðuna hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/raett-um-jafnretti-kynjanna-a-thjodhatidardaginn>.

### *19. júní, 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna*

Alþingi Íslands stóð að hátíðardagskrá á Austurvelli 19. júní 2015 til að fagna því að 100 ár voru liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður Kvenréttindafélags Íslands ávarpaði hátíðarfundinn, ásamt frú Vigdís Finnbogadóttur fyrrverandi forseta Íslands og Einar K. Guðfinnsson forseti Alþingis. Hægt er að lesa ræðu Fríðu Rósar hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/setjum-frelsid-i-augnsyn-baratturaeda-fridu-rosar-a-austurvelli>.

Að lokinni hátíðardagskrá á Austurvelli stóð Kvenréttindafélagið ásamt systrafélögum okkar í húsinu fyrir hátíðarfundum á Hallveigarstöðum með viðeigandi dagskrá og veitingum. Á dagskrá fundarins var sérstaklega haldið upp á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, og var lagt áherslu á þátttöku félaga kvenna í kvennabaráttunni.

Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður Kvenréttindafélagsins ávarpaði og stýrði fundi. Una María Óskarsdóttir forseti Kvenfélags sambands Íslands ávarpaði fundinn. Siv Friðleifsdóttir fyrrverandi ráðherra flutti ávarpið „Pilsabýtur kvenfélaganna og kosningarétturinn“, Guðrún Ebba Ólafsdóttir stjórnarkona í Rótinni flutti ávarpið „Byltingin dafnar í félögum kvenna“ og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir stjórnarkona í Kynveru og stofnandi Femínistafélags FSu flutti ávarpið „Femínismi til framtíðar“.

Seinna sama dag stóðu Kvinnakirkjan, Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands að kvennamessu í Laugardalnum. Fríða Rós Valdimarsdóttir flutti ávarp á messunni fyrir hönd Kvenréttindafélagsins.

### *Þjóðin sem valdi Vigdís*

28. júní stóð Kvenréttindafélag Íslands ásamt fjölda annarra félagasamtaka að hátíð í miðbæ Reykjavíkur til að fagna því að liðin er 35 ár síðan þjóðin valdi Vigdís Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands. Atburðinum var sjónvarpað í Ríkissjónvarpinu.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur annast skipulag hátíðarhaldanna í samstarfi við Alþingi, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, Þórshöfn í Færeyjum, Kvenréttindafélag Íslands, skógræktar- og landgræðslufélög ásamt fjölda annarra stofnana og félagasamtaka.

### *Menningarhátíð kvenna: Femínismi í 100 ár á menningarnótt*

22. ágúst opnaði Kvenréttindafélagið Hallveigarstaði á Menningarnótt í Reykjavík. Í anddyri hússins var sett upp sýningin Veggir úr sögu kvenna þar sem farið er yfir 100 ára sögu kvennabaráttunnar á Íslandi. Tímarit og bækur sem gefnar hafa verið út af félaginu síðustu 70 árin voru til sýnis og til sölu, og gestum á hátíðinni var boðið upp á vöflur. Vel var mætt á hátíðina, og stefnt er að gera þetta að árlegum viðburð hjá félaginu.

### *Verka-Konur*

Kvenréttindafélagið tók þátt í undirbúningi málþingsins Verka-Konur sem haldið var í Ráðhúsi Reykjavíkur 26. september 2015. Til máls tóku: Kristín I. Pálsdóttir frá Rótinni – félagi um málefni kvenna með áfengis- og fíkniefnavanda, Lára Rúnarsdóttir frá KÍTÓN – félagi kvenna í tónlist, Sesselja Andrésdóttir, sem meðal annarra skipulagði mótmæli gegn yfirstjórn HB Granda og lágum launakjörum fiskverkafólks, Dögg Mósesdóttir frá WIFT – félagi kvenna í kvikmyndum og sjónvarpi, Anna Kristjánsdóttir, baráttukona fyrir réttindum hinsegin fólks, Freyja Haraldsdóttir frá TABÚ – femínísku félagi kvenna með fötlun, og Alma Ýr Ingólfssdóttir, lögfræðingur, sem hefur sérhæft sig í málefnum fatlaðs fólks.

### *Afhjúpun á minningarstöpli á Blönduósi*

27. september var afhjúpaður á Blönduósi minningarstöpull um Sigurð Jónasson, þýðanda *Kúgun kvenna* eftir John Stuart Mill. Kvenréttindafélagið studdi á árinu við söfnun minningarstöpsulsins, en að henni stóð fjölskylda Sigurðar, og í tilefni af opnuninni fór framkvæmdastýra norður á Blönduós og flutti kveðju félagsins.

Skömmu síðar birtist á femíníska vefritinu Knúz.is grein eftir Brynhildi um Sigurð Jónasson, þýðingu hans á *Kúgun kvenna*, og félagsstarf íslenskra kvenna. Hægt er að lesa þá grein hér: <https://knuz.wordpress.com/2015/10/09/suffragettur-raeda-kugun-kvenna-og-rifast-um-tombolur>.

### *Kynleg kennsla: samnorrænt málþing um kynjafræði í framhaldsskólum*

21. október bauð Kvenréttindafélag Íslands til samnorræns málþings um kynjafræðikennslu í framhaldsskólum í samvinnu með jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands. Rætt var um kynjafræðikennslu á framhaldsskólastigi, áskoranir og tækifæri, kennslufni, kennsluaðferðir og framtíðarsýn. Málþingið fór fram á ensku og var tekið upp á myndband, og verður sett á vefsíðu félagsins.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir opnaði málþingið og stýrði umræðum. Þórður Kristinsson, Kvennaskólinn í Reykjavík hélt fyrirlesturinn „Deconstructing your reality, one school assignment at a time“, Lise Bæk, Roskilde Gymnasium hélt fyrirlesturinn „Integrating the Gender Perspective into Danish Secondary Schools: Challenges and Opportunities“, Stephanie Thøgersen, Sveriges

Kvinnolobby hélt fyrirlesturinn „Introducing an Online Study Course Outlining CEDAW and the Beijing Platform for Action“ og Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, Borgarholtsskóli hélt fyrirlesturinn „The Sustainability of Gender Studies in Secondary Schools“.

### *Stefnumótunarfundur Kvenréttindafélags Íslands*

24. október var haldinn stefnumótunarfundur Kvenréttindafélags Íslands. Fundurinn var opinn félagsmönnum og markmið hans var að marka stefnu félagsins til næstu ára. Stefnuskra félagsins er komin til ára sinna, var samþykkt á landsfundi 1992. 15 félagskonur tóku þátt í stefnumótuninni. Hugu R. Hjaltadóttir stjórnarkona stýrði fundi og á næsta ári verður kynnt ný stefnuskra félagsins sem unnin verður upp úr hugmyndum fundarins.

### *Femínísk veisla á kvennafrídaginn*

24. október var haldið upp á að 40 ár voru liðin frá því að konur lögðu niður vinnu 1975 og kröfðust jafnra launa. Í tilefni af deginum bauð félagið til veislu á Hallveigarstöðum. Mæting á veisluna var dræm, aðeins eitthvað um 30 manns, en auglýst var með of litlum fyrirvara, og fjöldi annarra femínískra viðburða var haldinn þá helgina.

### *Málþing um málefni transfólks sem hluti af femínískri baráttu*

20. nóvember flutti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir kveðju og ávarp Kvenréttindafélags Íslands á fundi Trans-Íslands um málefni transfólks. Einnig tóku til máls Ugly Stefanía Jónsdóttir frá Trans-Ísland og Una Hildardóttir frá Femínistafélagi Íslands.

### *Loftslagsgangan*

29. nóvember var gengin Loftslagsgangan í Reykjavík, hluti af alþjóðlegri hreyfingu, Global Climate March, og ein af ríflega 1500 göngum sem gengnar voru víða um heim sama dag. Markmið göngunnar var að krefja þau ríki sem sóttu 21. þing aðildaríkja rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem hófst í París 30. nóvember 2015, um að hætta að brenna jarðefnaeldsneyti, og til að krefja iðnríki um að veita þeim þróunarríkjum sem verst verða úti vegna áhrifa loftslagsbreytinga nægilegan fjárstuðning til að aðlagast nýjum og erfiðum aðstæðum og gera þeim kleyft að nýta hreinar og endurnýjanlegar orkulindir í framtíðinni.

Fjöldi félagasamtaka stóð að Loftslagsgöngunni ásamt Kvenréttindafélag Íslands, þ.á.m. Náttúruverndarsamtök Íslands, Vefritið Grugg, Breytendur, Landvernd, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, ASÍ, Siðmennt, Landvarðafélag Íslands, Náttúran.is, Ferðafélag Íslands, VG, SFS, Björt framtíð, UN Women, Hið íslenska náttúrufræðifélag, SGI á Íslandi, Alþýðufylkingin, UVG, Ungir jafnaðarmenn, Gaia – Nemendafélag meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði, Slow Food Reykjavík, Fuglavernd, Samtök hernaðarandstæðinga og Ungir umhverfissinnar.

### *Úurnar, jólin 2015*

5. desember var haldinn árlegi jólafundur Kvenréttindafélags Íslands og Kvennasögusafns Íslands í Þjóðarbókhöðunni. Að þessu sinni var dagskra fundarins helguð Úunum og saga þeirra sögð.

Fundurinn var vel sóttur þrátt fyrir slæmt veður og ófærð á vegum. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttur las upp fyrirlestur Þórunnar Maríu Örnólfsdóttur sagnfræðings um ævi og kvenréttindastörf Önnu Sigurðardóttur sem var hvatinn að stofnun Úanna, en Þórunn var

veðurteppt og komst ekki á fundinn. Ásdís Skúladóttir leikstjóri, Gullveig Sæmundsdóttir blaðamaður og Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur rifjuðu upp störf sín innan Úanna, og Svava Bernharðsdóttir og Kristín Valsdóttir léku á hljóðfæri. Auður Styrkarsdóttir ávarpaði fundinn fyrir hönd Kvennasögusafnsins og Tatjana Latinovic stjórnarkona ávarpaði fundinn fyrir hönd Kvenréttindafélagsins. Guðfinna Ragnarsdóttir Úa tók til máls utan dagskrár í lok fundar, og rifjaði upp störf sín innan Úanna.

### *Opinn fundur með Amal Jadou frá Bethlehem*

Kvenréttindafélagið stóð að opnum fundi um um stöðu kvenna í Palestínu 17. desember. Á fundinum fjallaði dr. Amal A. Jadou frá Betlehem um ástandið á Vesturbakkanum og Austur-Jerúsalem, um áherslumál Palestínu á alþjóðavettvangi og stöðu kvenna og jafnréttismál heima fyrir. Að fundinum stóðu einnig Félagið Ísland-Palestína, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna.

### *Hátíðarsýning á kvikmyndinni Suffragette*

29. desember bauð Kvenréttindafélagið og Femínistafélag Íslands gestum upp á léttar veitingar í Háskólabíói, í tengslum við sérstaka hátíðarsýningu á bresku kvikmyndinni *Suffragette* sem segir sögu kvenréttindabaráttunnar við upphaf 20. aldarinnar.

## Ný lög Kvenréttindafélags Íslands

Aðal- og landsfundur Kvenréttindafélags Íslands var haldinn 28. apríl 2015. Á fundinum voru samþykkt ný lög Kvenréttindafélags Íslands, sem hægt er að lesa hér: <http://kvenrettindafelag.is/um-okkur/log>.

Lögin voru unnin af Hugu R. Hjaltadóttur stjórnarkonu, ásamt Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur framkvæmdastýru og Fríðu Rós Valdimarsdóttur formanni. Löngu var orðið tímabært að breyta lögum. Þau höfðu síðast verið endurskoðuð 24. mars 2001 (sjá þau lög hér: <http://kvenrettindafelag.is/um-okkur/eldri-log-ogild>) og hvorki endurspegluðu starfsemi félagsins né hentuðu framtíðarstefnumótun og -þróun félagsins.

Meðal breytinga sem er að finna í nýju lögum, er að tekið er sérstaklega fram að markmið félagsins sé að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins; gert er ráð fyrir reglulegri endurskoðun á stefnuskrá sem samþykkt er á félagsfundum; útgáfa ársrits félagsins *19. júní* er tryggð með því að geta hennar í lögum félagsins; og þverpólitísk sýn félagsins er tryggð með því að skipa stjórn að halda árlegan fund með fulltrúum stjórnarálflokka á Alþingi.

Samþykkti landsfundur nýju lögin einróma.



## Tímaritið 19. júní

Ársrit félagsins, *19. júní*, var í þriðja skipti gefið út á rafrænu formi 2015, en einnig kom hún út í prentaðri útgáfu í ár dreift endurgjaldslaust meðal félagsmanna, auglýsenda og annarra aðila, þar sem haldið var upp á 100 ára kosningaafmæli kvenna.

Tímaritið hefur komið út nær óslitið síðan 1951, en hefur verið gefið út með tapi síðustu árin. Árið 2011 og 2012 var reynt að gefa blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu, en sú tilraun gafst misvel. Vissulega fengum við fjölda nýrra lesenda, en blaðið var heldur rýrt í samanburði við fyrri ár. 2013 var því gerð sú tilraun að gefa blaðið út á veraldarvefnum eingöngu, og á sama tíma setja á vefinn rafræn eintök af öllum eldri árgöngum. Gekk sú tilraun frammar vonum, tugþúsundir manna sáu útgáfuna, og tæplega þúsund lásu blaðið. Var sú ákvörðun tekin að hafa útgáfuna framvegis stafræna, og vista á svæði Kvenréttindafélagsins á vefsíðunni [Publitas.com](http://Publitas.com).

Í *19. júní* í ár var fjallað um fortíð, nútíð og framtíð kvennahreyfingarinnar, um byltinguna sem breytti heiminum á síðustu öld og byltinguna sem mun breyta heiminum á þessari.

Auglýst var meðal félagskvenna eftir ritnefndarkonum í *19. júní* 2015 og fengu allir sæti sem vildu. Í ritnefnd sátu: Auður Halldórsdóttir, Björg Einarsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Guðrún Ásmundsdóttir, Hildigunnur Gunnarsdóttir, Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Magnea Puriður Ingvarsdóttir, María Lilja Prastardóttir, Ragnheiður Davíðsdóttir, Signý Jóhannesdóttir, Silja Hrund Barkardóttir, Sólveig Baldursdóttir, Sólveig Jónasdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir, Unnur Jónsdóttir og Þórhildur Lárusdóttir. Ritstýrur voru Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir.


Arna Gústafsdóttir hjá Undralandinu sá um umbrot blaðsins. Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdóttir gerði forsiðu. Blaðið var prentað í Odda, umhverfisvottaðri prentsmiðju.

Hægt er að lesa stafræna útgáfu blaðsins í ár hér: <https://view.publitas.com/kvenrettindafelag/19-juni-2015/page/1>.

## Merki Kvenréttindafélagsins

Arna Gústafsdóttir hjá Undralandi fór yfir merki Kvenréttindafélagsins og teiknaði það upp á nýtt. Leit hún til eldri teikninga á merkinu, þar sem merkið var fléttað, og er nýja útgáfa merkisins afskaplega falleg. Sérstaklega leit Arna til nýrra tæknimiðla, og sá til þess að merkið væri í nógu miklum gæðum til að nýtast á veraldarvefnum og til prents.

### **Eldri útgáfa**



## Nýrri útgáfur



## Heimasíða Kvenréttindafélagsins

Ný heimasíða Kvenréttindafélagsins var opnuð í desember á 2014, eftir að hafa verið í vinnslu í eitt ár. Síðan er hönnuð og uppsett af framkvæmdastýru félagsins, Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur, og myndskreytt af Þóreyju Mjallhvíti H. Ómarsdóttur. Síðan er unninn í vefumsjónarkerfinu Wordpress og hýst erlendis, á vefhýsinum Bluehost.

Á árinu var haldið áfram þróun vefsíðunnar. Opnaðar voru nokkrar undirsíður:

<http://mmk.kvenrettindafelag.is> sem varðveitir upplýsingar um Menningar- og minningarsjóð kvenna, <http://stjorn.kvenrettindafelag.is> sem heldur utan um samskipti stjórnar og fundargerðir, <http://nam.kvenrettindafelag.is> sem hýsir námsefni fyrir framhaldsskólanema í kynjafræði og <http://grunnskoli.kvenrettindafelag.is> sem hýsir verkefni ætlað til kennslu í kynjafræði á grunnskólastigi.

Félagið fikrar sig einnig inn á samskiptamiðlana og notkun á Facebook síðu félagsins eykst stöðugt, <https://www.facebook.com/kvenrettindafelag>. „Vinum“ félagsins á Facebook fjölga stöðugt, og eru þegar þessi skýrsla er skrifuð, 9. nóvember 2015, 2.925. Á árinu var stofnaður Twitter aðgangur fyrir félagið, <https://twitter.com/kvenrett>, og eru fylgjendur félagsins á þeirri síðu 123, nú þegar þessi skýrsla er skrifuð, 9. nóvember 2015.

Félagið keypti á árinu lénið <http://www.feministinn.is>, lén Feministafélags Íslands. Starfsemi Feministafélagsins hefur verið í lágmarki síðustu misseri og á árinu aflétti ISNIC eignarhaldi þess á léninu feministinn.is. Kvenréttindafélagið keypti lénið til að koma í veg fyrir að aðrir aðilar, mögulega kvenfjandsamlegir, gætu tryggt sér aðgang að því. Félagið hefur þó engar áætlanir um notkun á léninu, og varðveitir það til þess tíma að Feministafélagið tekur ákvörðun um hvort þau vilji fá það aftur til notkunar eður ei.

## Stöðvum hrelliklám

Kvenréttindafélagið hefur unnið á árinu að því að undirbúa herferð gegn hrelliklámi, styrkt af Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytinu.

Sumarið 2015 starfaði Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, nemandi við Háskóla Íslands, hjá félaginu og skrifaði fyrir okkur skýrsluna „Stöðvum hrelliklám: Löggjafir og umræða“ þar sem farið er yfir löggjafir erlendis sem hafa verið settar gegn þessari vá, og birtar niðurstöður rýnihóparannsóknar þar sem viðhorf ungs fólks til hrellikláms er rannsakað. Var starf hennar styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Kvenréttindafélagið er einnig komið í samstarf við Kvinderådet í Danmörku og KUN senter for kunnskap og likestilling í Noregi að rannsaka áhrif hrellikláms á þolendur og þau úrræði sem standa þolendum til boða í löndum okkar.

Nú vinnum við að gerð vefsíðu sem kynnir almenningi hrelliklám og helstu leiðirnar til að berjast gegn því, og verður sú síða sett upp á léninu <http://www.stodvumhrelliklam.is>. Einnig er félagið búið að tryggja lénin: [www.stodvumhrelliklam.is](http://www.stodvumhrelliklam.is), [www.stodvumhefndarklam.is](http://www.stodvumhefndarklam.is) og [www.stodvumhefndarklam.is](http://www.stodvumhefndarklam.is), sem munu beina á sömu síðu.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins, sótti fagfund Norrænu ráðherranefndarinnar um ofsóknir á netinu og netofbeldi, sem haldinn var í Kaupmannahöfn dagana 2. nóvember til 3. nóvember 2015, og fræddist þar um starf hinna Norðurlandanna gegn ofsóknum á netinu, sagði frá starfi félagsins gegn hrelliklámi í opnum umræðuhópum, og kynntist fjölda aðila sem mögulega geta aðstoðað við frekari rannsóknir og starf gegn hrelliklámi og netofbeldi á næstu árum.

## Opið hús – Kvennaheimilið Hallveigarstaðir

Kvenréttindafélag Íslands er nú einu kvenréttindasamtökin á Íslandi í eigin húsnæði. Árið 2012 var farið í sérstakt átak til að nýta húsið í þágu kvenna og Kvenréttindafélagið kynnti Hallveigarstaði fyrir ýmsum hópum og veitti milligöngu um að þau fengju ókeypis aðstöðu fyrir fundarhöld, viðburði og geymslu. Einnig lagði félagið til starfsmann til fundahalda og viðburða.

Síðastliðinn vetur funduðu í húsinu Femínistafélag Íslands, Rótin – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda og W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.

## 16 daga átak gegn ofbeldi gegn konum

Kvenréttindafélagið tók virkan þátt í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember til 10. desember 2015, í samstarfi fjölda félagsamtaka hér á landi sem og erlendis, til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi í samfélagi okkar.

Dagný Ósk Aradóttir Pind stjórnarkona Kvenréttindafélagsins skrifaði grein í Fréttablaðið í tilefni átaksins, „Nýja löggjöf í kynferðisbrotamálum, strax!“, <http://www.visir.is/nyja-loggjof-i-kynferdis%C2%AD--brotamalum,-strax!-/article/2015151129420>.

Í kjölfarið, 30. nóvember, hélt Dagný Ósk erindi á félagsfundi VG í Reykjavíkur undir yfirskriftinni „Má allt?“ þar sem hún fór yfir lagaumhverfi kynferðisbrotalöggjafar og hennar sýn á málið.

## Hlaðvarp um Úur og pólitískar konur

Kvenréttindafélagið vann á árinu að skráningu á sögu Úanna, hóp kvenna sem á 7. áratugnum börðust fyrir jafnrétti kynjanna. Unnin hefur verið heimasíða til að hýsa sögu Úanna, viðtöl og önnur gögn sem hafa fundist um starf þeirra. Síðan er vistuð á netfanginu <http://uur.kvenrettindafelag.is>, en hefur þó ekki enn verið opnuð almenningi.

Á árinu var einnig unnið að undirbúningi hlaðvarps um Úurnar og um stjórn málaþátttöku kvenna. Tekin voru viðtöl við nokkrar af Úuunum á myndbandi. Gerður var samningur við Miðstöð munnlegrar sögu sem veitti tækjabúnað til afnota til að taka upp viðtölin, Friða Rós Valdimarsdóttir mannfræðingur vann að undirbúningi viðtala við Úurnar í samstarfi við Ásdísi Skúladóttir, talsmann kvennanna sem voru í Úunum, og Dagbjört Thorlacius tók að sér tæknivinnslu.

Upphaflega var stefnt að því að birta fyrsta myndbandið í janúar 2015, en vegna óviðráðanlegra ástæðna hefur þurft að fresta birtingu fyrsta myndskaiðsins fram til ársins 2016.

## Umsagnir um lagafrumvörp

Kvenréttindafélagið skrifaði á árinu sjö umsagnir um frumvörp til laga, drögum að frumvörpum til laga og þingsályktunartillögur.

### *Umsögn um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum um málefni fatlaðs fólks*

23. febrúar 2015 skilaði Kvenréttindafélagið inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum um málefni fatlaðs fólks.

Kvenréttindafélagið fagnaði því að velferðarráðherra væri gert heimilt um að setja reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Einnig fagnaði félagið því að verkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPF) væri framlengt og að lagt væri til að

Hægt er að lesa umsögnina í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér:

<http://kvenrettindafelag.is/2015/umsogn-kvenrettindafelags-islands-um-breytingu-a-logum-um-adbunad-hollustuhaetti-og-oryggi-a-vinnustodum-og-logum-um-malefni-fatlads-folks>.

### *Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum (heimilisofbeldi).*

2. mars 2015 skilaði Kvenréttindafélagið inn umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (heimilisofbeldi).

Kvenréttindafélagið fagnaði því að með þessu frumvarpi sé nú sett inn í almennu hegningarlögin sérstök grein sem tekur til heimilisofbeldis, að fyrirmynd Svíþjóðar og Noregs. Þó gerðum við athugasemdir við að brot gegn ákvæðum í 230. grein og 231. grein skuli aðeins sæta ákæru ef sá eða sú sem misgert er við krefst þess.

Hægt er að lesa umsögnina í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér:

<http://kvenrettindafelag.is/2015/4782>.

### *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (bann við hefndarklámi).*

2. mars 2015 skilaði Kvenréttindafélag Íslands ítarlegri umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (bann við hefndarklámi).

Kvenréttindafélag fagnaði því að á þessu þingi væri lagt fram frumvarp þar sem ákvæði um „hefndarklám“ er bætt við kynferðisbrotakafla almennu hegningarlaganna. Félagið mælti þó með því að hugtakið „hrelliklám“ væri notað til að vísa til brotsins, en það hugtak er meira lýsandi en „hefndarklám“.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar við frumvarpið.

Kvenréttindafélag Íslands fagnaði því að ákvæði um hrelliklám sé sett inn í XXII. kafla hegningarlaganna um kynferðisbrot. Félagið mælti þó með að þessi grein sé flutt undir 199. grein XXII. kafla almennu hegningarlaganna nr. 19/1940 um kynferðislega áreitni. Í frumvarpinu er þessi grein sett undir 210. grein laganna sem fjallar um birtingu og dreifingu á klámi. Kvenréttindafélag Íslands vill leggja áherslu að hrelliklám er tegund af kynferðislegri áreitni, og telur að löggjöfin skuli skilgreina það sem slíkt með því að flytja greinina undir 199. grein sem tilgreinir kynferðislega áreitni.

Einnig studdi Kvenréttindafélagið að bætt væri ákvæði um hrelliklám inn í XXV. kafla hegningarlaganna um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, en benti á að þá væri mikilvægt að einnig séu gerðar breytingar á 242. grein þess kafla þar sem tilgreint er hvernig saksókn fari fram gegn brotum í þeim kafla. Eins og frumvarpið er orðað núna, þá myndi ný 229. grein a um hrelliklám falla undir 3. málslíð 242. greinar, sem þýðir það að mál gegn birtingu hrellikláms „getur sá einn höfðað, sem misgert er við.“ Benti félagið á að gerendur hrellikláms skuli skýlaust sæta ákæru sem sé höfðuð af ákæruvaldinu, ekki af þolandanum.

Með umsögninni var send greinin „Drafting an Effective ‘Revenge Porn’ Law: A Guide for Legislators“ eftir Mary Anne Franks, lagaprófessor við Háskólann í Miami, þar sem hún ber saman

mismunandi leiðir sem farnar hafa verið í Bandaríkjunum og í löndum utan Bandaríkjanna við lagasetningu gegn hrelliklámi.

Hægt er að lesa umsögn félagsins í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/umsogn-um-breytingu-a-almennum-hegningarlogum-hrelliklam>.

Í kjölfar umsagnarinnar skrifaði framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, grein í femíníska vefritinu Knúz.is, þar sem hún ræðir um hugtökin „hefnarklám“ og þá ákvörðun Kvenréttindafélagsins að beita fremur hugtakið „hrelliklám“. Hægt er að lesa þá grein hér: <https://knuz.wordpress.com/2015/03/03/hrelliklam>.

### *Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra.*

6. mars 2015 skilaði Kvenréttindafélag Íslands umsögn um frumvarp til laga umafnám laga um orlof húsmæðra.

Kvenréttindafélagið var í grundvallaratriðum sammála því að afnema lög um orlof húsmæðra í núverandi mynd. Félagið lagðist þó gegn því að lög lík þeim sem hér um ræðir, lög sem tryggja ákveðin réttindi kvenna, séu afnumin án þess að gert sé ráð fyrir því að þeir fjármunir sem sparast með afnámi laganna verði nýttir áfram í þágu kvenna og í þágu jafnréttis kynjanna.

Kvenréttindafélagið lagði til að samhliða afnámi laga um orlof húsmæðra verði sett á lög um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þeim fjármunum sem sveitarfélögin hafa hingað til veitt til orlofs húsmæðra, 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, verði ráðstafað þannig að einstaklingar sem ekki hafa aflað sér lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði heldur sinnt ólaunuðu starfi innan heimilis við umönnun barna eða annarra fjölskyldumeðlima eigi rétt á lífeyri umfram lágmarkstryggingu þegar lífeyrisaldri er náð.

Hægt er að lesa umsögn félagsins í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/umsogn-kvenrettindafelags-islands-um-frumvarp-til-laga-um-afnam-laga-um-orlof-husmaedra>.

### *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Jafnréttissjóð Íslands.*

16. júní 2015 skilaði Kvenréttindafélag Íslands umsögn um tillögu til þingsályktunar um Jafnréttissjóð Íslands.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands fagnar því að Alþingi stofni Jafnréttissjóð Íslands og veiti veglega til jafnréttismála, en mótmælti fyrirhöguðum takmörkunum úr fjárveitingum úr Jafnréttissjóði Íslands, en allt að helmingi árlegs ráðstöfunarfjár Jafnréttissjóðs Íslands skyldi varið til verkefna sem tengjast stöðu kvenna í þróunarlöndum.

Hægt er að lesa umsögn félagsins í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/umsogn-kvenrettindafelags-islands-vid-tillogu-til-thingsalyktunar-um-jafnrettissjod-islands>.

### *Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.*

29. september 2015 skilaði Kvenréttindafélag Íslands umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Kvenréttindafélagið fagnaði fram komnu frumvarpi um að jafna skuli rétt foreldra sem eiga andvana barn eftir 22 vikna meðgöngu og foreldra sem missa barn stuttu eftir fæðingu á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Það er afstaða Kvenréttindafélagsins að leggjast þurfi í heildarendurskoðun á lögum og fæðingar- og foreldraorlof. Það þarf að auka nýtingu nýtingu feðra á fæðingarorlofsrétti. Breyta þarf reglum um hámarkspak á greiðslur úr sjóðnum, en meginástæða þess að feður eru hættir að taka orlof í jafn miklum mæli er að heimili ráða ekki við tekjuskerðinguna sem hlýst af því að báðir foreldrar fari í orlof. Þá telur félagið að lengja þurfi fæðingarorlof til að brúa bilið á milli orlofs og leikskóla eða annarar dagvistunar. Þá er það skoðun Kvenréttindafélagsins að tryggja þurfi jafnan rétt beggja foreldra til fæðingarorlofs, og afnema þann rétt sem foreldrar hafa rétt til að deila sín á milli.

Hægt er að lesa umsögn félagsins í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér:

<http://kvenrettindafelag.is/2015/umsogn-kvenrettindafelagsins-um-frumvarp-til-breytingar-a-logum-um-faedingar-og-foreldraorlof>.

### *Umsögn um drög að lagafrumvarpi um breytingar á hegningarlögum.*

16. október 2015 skilaði Kvenréttindafélag Íslands umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Kvenréttindafélagið fagnaði því að vinna við fullgildingu Ístanbúls-samningsins sé komin langt og því að umrædd drög að frumvarpi séu komin fram. Kvenréttindafélag Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en vonast til þess að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi sem allra fyrst og verði að lögum.

Hægt er að lesa umsögn félagsins í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér:

<http://kvenrettindafelag.is/2015/umsogn-um-drog-ad-lagafrumvarpi-um-breytingar-a-hegningarlogum>.

### *Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.*

17. nóvember 2015 skilaði Kvenréttindafélag Íslands umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Kvenréttindafélagið lýsti þar yfir eindreginni skoðun sinni að staðgöngumæðrun ætti ekki að lögfesta hér á landi. Umræðan um staðgöngumæðrun snýst að talsverðu leyti um réttindi fólks til að verða foreldri. Stjórn Kvenréttindafélagsins lítur á það sem forréttindi að eignast börn en ekki mannréttindi. Hvatti Kvenréttindafélagið til þess að stjórnslan beitti sér fyrir því að ættleiðingaferlið hér á landi verði gert mun skilvirkara en nú er, gert gagnsætt og einfaldað; að frumættleiðingar verði aðgengilegur valkostur fyrir fólk sem vill verða foreldrar.

Hægt er að lesa umsögn félagsins í fullri lengd á heimasíðu félagsins, hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/umsogn-um-frumvarp-til-laga-um-stadgongumaedrun-i-velgjordarskyni>.

## Ályktanir, áskoranir og erindi

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér tíu ályktanir, áskoranir og erindi árið 2015.

20. febrúar 2015 sendi Kvenréttindafélagið frá sér áskorun til Borgarholtsskóla að gera kynjafræði að skyldunámsgrein. Hægt er að lesa áskorunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/kvenrettindafelag-islands-skorar-a-borgarholtsskola-ad-gera-kynjafraedi-ad-skylduafanga>.

25. febrúar 2015 sendi Kvenréttindafélagið frá sér ályktun ásamt Femínistafélagi Íslands, Kvænnaathvarfinu, Kvænnaáðgjöfinni, Kvenfélagasambandi Íslands, Stígamótu, og W.O.M.E.N. – Samtök kvænna af erlendum uppruna á Ísland þar sem ofbeldi gegn öllum einstaklingum er fordæmt, sérstaklega þeim sem eru í viðkvæmri stöðu félagslega, og yfirvöld hvött til að taka ofbeldi gegn konum alvarlega og styrkja lög um nálgunarbann. Fríða Rós Valdimarsdóttir varaformaður Kvenréttindafélagsins afhenti Ólöfu Nordal innanríkisráðherra ályktunina, ásamt Önnu Katarzyna Wozniczka formaður W.O.M.E.N. in Iceland og Unu Hildardóttur ráðskonu í Femínistafélagi Íslands. Hægt er að lesa ályktunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/alyktun-7-kvennasamtaka-afhent-innanrikisradherra>.

13. mars 2015 skrifaði Kvenréttindafélag Íslands undir sameiginlega ályktun um eitt þúsund samtaka út um allan heim þar sem því er mótmælt að Kvænnaefnd Sameinuðu þjóðanna skuli ekki með virkum og afgerandi hætti samþykka mannréttindi kvænna og tryggja áframhaldandi jafnréttisbaráttu þjóða heimsins. Hægt er að lesa ályktunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/alyktun-kvænna-i-tilefni-af-20-ara-afmaeli-pekingsradstefnunnar>.

13. mars 2015 skrifaði Kvenréttindafélag Íslands undir sameiginlega ályktun tæplega 100 mannréttindasamtaka út um allan heim þar sem því er mótmælt að Kvænnaefnd Sameinuðu þjóðanna skuli ekki með virkum og afgerandi hætti tryggja áframhaldandi mannréttindabaráttu allra kvænna, einnig lesbía, tvíkynhneigðra kvænna, transkvænna og intersex fólks. Hægt er að lesa áskorunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/alyktun-um-radherryfirlyssingu-59-fundar-kvænnaefndar-sameinudu-thjodanna>.

27. mars 2015 sendi Kvenréttindafélag Íslands ályktun til að styðja við baráttu femínista í netheimum sem átti sér stað undir myllumerkinu #freethenipple. Ályktunin var einnig birt á ensku. Hægt er að lesa íslensku ályktunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/freethenipple> og ensku þýðingu hennar hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/freethenipple-en>.

28. apríl 2015 sendi aðalfundur Kvenréttindafélagsins frá sér ályktun þar sem þess er krafist að íslensk stjórnvöld endurskoði löggjöf um fóstureyðingar, og viðurkenni kynfrelsi kvænna og yfirráð kvænna yfir eigin líkama. Hægt er að lesa ályktunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/ny-stjorn-kvenrettindafelags-islands-og-alyktun-adalfundar-um-frjalsar-fostureydingar>. Í kjölfar aðalfundar skrifaði formaður Kvenréttindafélagsins grein í femíníska vefritið Knúz.is um



fóstureyðingalöggjöfina og kynfrelsi kvenna. Greinin bar yfirskriftina „Frjalsar fóstureyðingar“ og er hægt að lesa hér: <https://knuz.wordpress.com/2015/05/04/frjalsar-fostureydingar>.

31. júlí 2015 sendi Kvenréttindafélag Íslands frá sér ályktun þar sem lögreglustjóri Vestmanneyja er hvattur til að draga til baka tilmæli sín um að ekki verði greint frá nauðgunarmálum sem upp koma á Þjóðhátíð í Vestmanneyjum í ár. Hægt er að lesa ályktunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/thoggum-ekki-nidur-kynferdisofbeldi>.

5. ágúst 2015 sendi Kvenréttindafélags Íslands frá sér ályktun í samstarfi með Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Stígamótum og W.O.M.E.N. in Iceland þar sem þess alþjóðahreyfing Amnesty International er hvött til að ekki breyta stefnuskrá sinni til að berjast fyrir að gefa kaup og sölu og milligöngu á vændi frjálssa. Ályktunin var einnig birt á ensku. Hægt er að lesa íslensku útgáfu ályktunarinnar hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/fridhelgi-fyrir-dolga-og-vaendiskaupendur>, og ensku þýðinguna hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/amnesty-for-pimps-and-johns>.

24. september 2015 sendi Kvenréttindafélag Íslands frá sér ályktun í samstarfi með Aflinu, Femínistafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Sólstöfum, Stígamótum, Tabú og W.O.M.E.N. in Iceland þar sem starfsháttum innanríkisráðherra við að skipa aðeins karla í dómnefnd sem meta á hæfi umsækjenda um embætti hæstaréttadómara er mótmælt. Hægt er að lesa ályktunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/vid-getum-gert-betur-vid-eigum-ad-gera-betur-alyktun-tiu-kvennasamtaka>.

24. október 2015 sendi stefnumótunarfundur Kvenréttindafélagsins frá sér ályktun þar sem því er mótmælt að þrátt fyrir alla sígra kvenréttindabaráttuna síðustu 100 ára, þá er staða kvenna og karla enn ekki jöfn í íslensku samfélagi. Hægt er að lesa ályktunina hér: <http://kvenrettindafelag.is/2015/alyktun-stefnumotunarfundar-kvenrettindafelags-islands-a-kvennafridegi-2015>.

8. desember 2015 sendi Kvenréttindafélag Íslands frá sér ályktun þar sem því var fagnað vilja heilbrigðisráðherra, Kristjáns Þórs Júlíussonar, til að endurskoða löggjöf um fóstureyðingar frá árinu 1971. Kvenréttindafélagið skoraði á heilbrigðisráðherra að flýta endurskoðun laganna eins og auðið er til að viðurkenna megí sem fyrst kynfrelsi kvenna.

## Jafnréttisráð

Kvenréttindafélagið deilir tveimur sætum í Jafnréttisráði með Kvenfélagasambandi Íslands og Femínistafélagi Íslands. Á yfirstandandi vetri hefur Steinunn Stefánsdóttir sótt þessa fundi fyrir hönd félagsins, en varamaður allra félaganna þriggja er framkvæmdastýra félagsins, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sat í formennsku í valnefnd til fjölmiðlaviðurkenningar Jafnréttisráðs 2015.

## Afmælisárið 2015

### *Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna*

2015 fögnuðu Íslendingar að 100 ár séu liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Páverandi formaður Kvenréttindafélagsins Steinunn Stefánsdóttir var kjörin á opnum fundi forseta Alþingis 14. september 2013 í framkvæmdanefnd afmælisársins, og sat hún fundi í nefndinni allt árið 2015.

### *Farandsýningin „Veggir úr sögu kvenna“*

Kvenréttindafélagið vann árið 2014 að því að skipuleggja farandsýningu um landið til að fagna því að 100 ár eru liðin frá kosningarétti kvenna. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Kolbrún Anna Björnsdóttir gerðu sýninguna, átta spjöld um sögu kvennabaráttunnar á Íslandi. Sýningin fór á flakk árið 2015, og var sett upp á tólf stöðum á landinu

Sýningin samanstendur af 8 stórum veggspjöldum, myndskreyttum, með stuttum texta á ensku og íslensku. Hönnuður hennar er Kolbrún Anna Björnsdóttir og höfundur texta Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Veggspjöldin eru sett sem eins konar veggir í sögu kvenna, fyrsta veggspjaldið sem segir frá fyrstu kvenfélögunum á 19. öldinni er með viktoríönsku veggfóðri og ljósmyndum í gamaldags, gylltum römmum, á meðan síðasta veggspjaldið sem lítur til framtíðarinnar er hannað sem veggur á spjaldtölvu.

Á spjöldunum er farið yfir sögu kvenna á Íslandi síðustu hundrað árin, og er hún í tíma- og þemaröð. Fyrsta spjaldið segir frá kvenfélögunum; 2. spjaldið frá baráttunni fyrir kosningarétti; 3. spjaldið frá verkalyðsbaráttunni; 4. spjaldið frá kvennafrídegnum og rauðsokkunum; 5. spjaldið frá kvennaframboðum 9. áratugarins; 6. spjaldið frá Vigdísi Finnbogadóttur og Jóhönnu Sigurðardóttir; 7. spjaldið segir frá listum kvenna, með sérstakri áherslu á Björk Guðmundsdóttir (tónlist), Guðrúnu frá Lundi, Júlíönu Jónsdóttur og Ragnheiði Jónsdóttir (ritlist) og Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur (myndlist); og 8. spjaldið lítur til framtíðar jafnréttisbaráttunnar.

Leitað var til 12 sveitarfélaga um samstarf við að setja upp sýninguna: Borgarfjörð, Stykkishólm, Ísafjörð, Blönduós, Akureyri, Húsavík, Egilsstaði, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjar, Árborg, Reykjanesbæ og Hafnafjörð.

Gekk samstarf við sveitarfélögin framar vonum og var hún sett upp á eftirfarandi stöðum: í Snorrastofu í Reykholti í Borgarfirði, í Norska húsinu á Stykkishólmi, í Safnahúsinu á Ísafirði, í sundlauginni á Blönduósi, í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri, í Safnahúsinu á Húsavík, í Sláturhúsinu á Egilsstöðum, á Listasafni Svavars Guðnasonar í Ráðhúsi Hafnar í Hornafirði, í Safnahúsinu í Vestmannaeyjum, á Hótel Selfossi í Árborg, í Stofunni í Reykjanesbæ og í Bæjarblóinu í Hafnarfirði. Í tengslum við sýninguna voru haldnir viðburðir í hverju sveitarfélagi fyrir sig til að minnst sögu kvenna.

Einnig var aukaeintak af sýningunni sett upp í Ráðhúsi Reykjavíkur í september 2015, sem hluti af afmælisfögnuði Reykjavíkurborgar í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, sem og á Hallveigarstöðum á Menningarnótt.

## **Erlent samstarf 2015**

### IAW

Kvenréttindafélag Íslands hefur átt aðild að IAW – International Alliance of Women, frá stofnun félagsins 1907. Kvenréttindafélag Íslands fór í átak árið 2014 að styrkja þessi fornu tengsl og gera starf IAW sýnilegra hér á landi.

IAW gefur út fréttabréf á tveggja mánaða fresti, sem nú eru einnig birt á heimasíðu Kvenréttindafélags Íslands, bæði á íslenskri útgáfu síðunnar og ensku útgáfu hennar.

### CSW – Fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna

Fulltrúar Kvenréttindafélag Íslands sóttu fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í ár, og var ferðin styrkt af velferðarráðuneytinu. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir og Steinunn Stefánsdóttir sóttu fundinn fyrir hönd Kvenréttindafélagsins.

Velferðarráðuneytið styrkti íslensku kvannahreyfinguna og bauð þeim sal á fundi Kvennanefndarinnar til að nýta til að kynna jafnréttisbaráttuna hér á landi. Tók Kvenréttindafélagið að sér umsjó þessa viðburðar, sem haldinn var í Dag Hammarskjöld Library í byggingu Sameinuðu þjóðanna 10. mars 2015.

Málþingið bar yfirskriftina „Cool Feminism: Exploring Ideas from the North“ og kynnti femínískan aktivisma hér á landi, og lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að kenna femínisma og kynjafræði á öllum skólastigum, sérstaklega á þeim yngri. Einnig voru kynntar kröfur norrænu kvannahreyfingarinnar sem samþykktar voru á ráðstefnunni Nordiskt Forum í júní 2014. Veggspjald til að kynna viðburðinn var hannað af Þóreyju Mjallhvíti H. Ómarsdóttur.

Á málþinginu tóku til máls Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra, Gertrud Åstrom forseti Sveriges Kvinnolobby, Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir kennari í Borgarholtsskóla og Irma Erlingsdóttir forstjóri UNU-GEST, jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Fundarstjóri var Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir.

### Feministiskt Nätverk Norden

Í kjölfar jafnréttisráðstefnunnar Nordiskt Forum sem haldin var í Malmö 2014, ákváðu norræn kvennasamtök að stofna til samráðsvettvangs um jafnréttismál, þar sem haldið verður áfram vinnu við þau málefni sem rædd voru á ráðstefnunni.

Fulltrúar Íslands á þessum samráðsvettvangi eru Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands, en þessi tvö samtök stóðu að skipulagningu Nordiskt Forum á Íslandi. Einnig sitja í FNN Sveriges Kvinnolobby (Svíþjóð), Fokus og Krisesentersekretariat (Noregur), Kvinderådet (Danmörk) og Nytkis (Finnland).

Hildur Helga Gísladóttir er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í þessu samstarfi og sótti hún 2 fundi í Kaupmannahöfn á árinu, í apríl og október.

FNN stóð fyrir hliðarviðburði á CSW – fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York 2015 í samvinnu með UN Women. Yfirskrift fundarins var „New Action on Women’s Rights: shared responsibilities for a sustainable future“ og var hann haldinn 11. mars 2015 í CR-11 í aðalbyggingu Sameinuðu þjóðanna. Til máls tóku Ása Regnér jafnréttisráðherra Svíþjóðar, Lakshmi Puri varaformaður UN Women, Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta, Nanna Højlund varaforseti Dansk Kvindesamfund og Clara Berglund varaforseti Sveriges Kvinnolobby. Fundarstjóri var Joanna Maycock aðalritari EWL – European Women’s Lobby.

28. – 29. ágúst hélt FNN sérstaka ráðstefnu fyrir aðildafélög um kynjaða hagfræði, í Kungälv, Svíþjóð. Marianna Traustadóttir, sérfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands hélt erindi á ráðstefnunni um jafnlaunastaðalinn. Átta þátttakendur frá Kvenréttindafélaginu og Kvenfélagasambandinu sóttu einnig ráðstefnuna, Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður Kvenréttindafélagsins, Dagný Ósk Aradóttir Pind stjórnarkona Kvenréttindafélagsins, Hugrún R Hjaltadóttir í stjórn Kvenréttindafélagsins, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins, Hildur Helga Gísladóttir gjaldkeri Kvenréttindafélagsins og framkvæmdastjóri Kvenfélagasamband Íslands, Bryndís Ásta Birgisdóttir stjórnarkona Kvenfélagasambandsins, Hrafnhildur Sigurðardóttir formaður Kvennasambanda í Eyjafirði og Laufey Guðmundsdóttir formaður Kvenfélags Grímsnesshrepps.

## NIKK

### *Samnorrænt námsefni í kynjafræði 2014 – 2016*

Kvenréttindafélag Íslands hlaut í lok ársins 2014 styrk hjá samnorræna styrktarsjóðnum NIKK um að útbúa kennsluefni fyrir framhaldsskólana þar sem nemendum er kennt um Pekingsáttmálann frá 1995 og hvaða máli hann skiptir í dag.

Félagar okkar í verkefninu eru Sveriges Kvinnolobby í Svíþjóð og Kvinderådet. Meginþorri styrksins fer til Svíþjóðar sem sér um að semja námsefnið, en hluti styrksins fer til Íslands til að þýða námsefnið og staðfæra. Í lok ársins 2014 var skipaður sérstakur íslenskur vinnuhópur, en í honum sitja Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins, Eygló Árnadóttir stjórnarkonu, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir kennari í kynjafræði í Borgarholtsskóla og Þórður Kristinsson kennari í kynjafræði í Kvennaskólanum í Reykjavík.

Snæfríður Ólafsdóttir og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir unnu að þýðingu námsefnis á íslensku, sem sett hefur verið upp á <http://nam.kvenrettindafelag.is>, og er aðgangur að því öllum opin.

Til að kynna námsefnið var haldið sérstakt málþing á Hallveigarstöðum 21. október 2015, þar sem íslenskir og danskir framhaldsskólakennarar ræddu um kynjafræðikennslu á framhaldsskólastigi og Stephanie Thøgersen framkvæmdastýra Sveriges Kvinnolobby kynnti námsefnið. Jafnréttisnefnd Kennarasamband Íslands stóð að málþinginu í samstarfi við Kvenréttindafélagið.

### *Online Violence Against Women 2015 – 2017*

Kvenréttindafélag Íslands hlaut í lok ársins 2015 styrk hjá samnorræna styrktarsjóðnum NIKK að rannsaka áhrif hrellikláms og netofbeldis á þolendur.

Félagar okkar í verkefninu eru Kvinderådet í Danmörku og KUN – senter for kunnskap og likestilling í Noregi. Styrknum er deilt jafnt á milli landanna, en Kvenréttindafélag Íslands fær þó auka styrkveitingu til að sjá um verkefnastjórnun, en Kvenréttindafélagið er aðalaðili verkefnisins.

Undirbúningur verkefnisins hófst í desember 2015, en stefnt er að fyrsta samráðsfundi í Reykjavík í janúar 2016.

### EEA sjóðir

Árið 2014 hóf Kvenréttindafélagið að fíkra sig í átt að samstarfi við erlend félagasamtök með sameiginlegum styrkumsóknum til sérstaks styrktarsjóðs EEA og Noregs. Þessir styrkir eru ætlaðir jaðarsvæðum í Evrópu sem hefja samstarf við ríki innan EFTA. Meginþorri styrkuppþæða fer til jaðarsvæðanna, en íslenskum félagasamtökum er úthlutað umsýslu- og rekstrarstyrk. Opnað var fyrir styrktarumsóknir í lok ársins 2013 og var töluvert um að félagasamtök sendu inn fyrirspurnir 2014 til að leita til samstarfs.

Kvenréttindafélagið var í samskiptum við fjögur félög á árinu um mögulegt samstarf, og meðumsækjandi um EEA styrki með fjórum þessara félaga. Gengu samskipti við félögin misvel og ljóst er að vanda þarf vel til verka til að finna rétta samstarfsaðila.

### *Feminoteka, Pólland*

Kvenréttindafélagið tók á móti pólsku samtökunum Feminoteka ([www.feminoteka.pl](http://www.feminoteka.pl)) í júní 2015, og skipulagði fræðslufundi með ýmsum samtökum. Gekk heimsóknin ljómandi vel, og undirbúningskostnaður Kvenréttindafélagsins var greiddur strax og að lokinni heimsókn. Stefnt er að því að starfa nánar með félaginu í framtíðinni, að starfa gegn ofbeldi gegn konum.

### *Metina lista, Slóvenía*

Kvenréttindafélaginu tók þátt í málþingi í Slóveníu í boði Metina lista í lok ársins 2014. Á árinu 2015 skrifaði framkvæmdastýra tvær greinar á ensku sem birtust á vefmiðli Metina lista, önnur þeirra í samstarfi með Maríönnu Traustadóttur. „Certified: Feminist! Using Bureaucracy to Achieve Radical Change“ birtist 12. febrúar og sagði frá jafnlaunastaðlinum og var skrifuð af framkvæmdastýru í samvinnu með Maríönnu Traustadóttur sem tók þátt í þróun jafnlaunastaðlinum (sjá: <http://metinalista.si/certified-feminist-using-bureaucracy-to-achieve-radical-change>). „Nordic Feminists Issue Demands to Governments of the World“ birtist 8. apríl 2014 (sjá: <http://metinalista.si/nordic-feminists-issue-demands-to-governments-of-the-world>) og sagði frá Nordiskt Forum.

Ílla gekk að fá greitt fyrir aðkomu Kvenréttindafélagsins að verkefninu, bæði ferðakostnað og undirbúningskostnað, þrátt fyrir góðan vilja Metina lista, og er um að ræða flóknum kröfum sem settar voru á félagið í skrifstofu EEA sjóðsins í Slóveníu. Greiðsla barst að lokum greiðsla til

Kvenréttindafélagsins sumarið 2015. Gekk samstarfið, fyrir utan greiðslu, mjög vel, og er Metina lista góður samstarfsaðili til framtíðarverkefna.

### *CESI, Króatía*

Kvenréttindafélagið tók þátt í styrkumsókn til EEA um samstarf við CESI í Króatíu. Hafa stjórnarkonur og framkvæmdastýra áður kynnst fulltrúum CESI og þekkja það bara af góðu, en það félag starfar á svipuðum forsendum og Kvenréttindafélag Íslands. Getum við lært mikið hvort af öðru. Væntanlegt svar við umsókn okkar berst 2016.

### *Nora, Króatía*

Kvenréttindafélagið tók þátt í styrkumsókn til EEA um samstarf við Noru í Króatíu í verkefni um konur í fjölmiðlum. Ef styrkur fæst til samstarfsins, mun Erla Hlynsdóttir blaðakona vera okkar fulltrúi. Væntanlegt svar við umsókn okkar berst 2016.

## Seminar om hadytringer og sexism

2.–3. nóvember 2015 tók Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins, þátt í námskeiði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um hatursræðu og kvenhatur á veraldarvefnum.

Námskeiðið fór fram í Kaupmannahöfn og voru þátttakendur sérfræðingar frá öllum Norðurlöndum sem unnið hafa að málum tengt hatursræðu, bæði sérfræðingum í opinberri stjórnsýslu, háskólafólki sem unnið hafa að akademískum rannsóknum, og aktivistum úr frjálsum félagasamtökum.

## GISWatch 2015 – Sexual Rights and the Internet

Kvenréttindafélag Íslands skilaði skýrslu um íslensku klámlöggjöfina og klám á veraldarvefnum í nýjasta hefti alþjóðlega tímaritsins Global Information Society Watch Report. Skýrsluna skrifaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

GISWatch er birt á veraldarvefnum, og er hægt að lesa það hér:  
<https://www.apc.org/en/node/21241>.

## Grundtvig – Erasmus

2015 tók Kvenréttindafélag Íslands þátt í sameiginlegri styrkumsókn til Erasmus sjóðsins um kvennasögu. Verkefninu er stýrt af Strategy 21 í Þýskalandi, sem við höfum átt í góðu samstarfi með síðustu árin. Umsókninni var hafnað og ekkert verður úr verkefninu.

## NGO Forum, Lettland

Kvenréttindafélag Íslands tók þátt í ráðstefnu um lýðræði, mannréttindi og starfsemi félagasamtaka, í Rigta 2.-3. mars 2015. Fulltrúar félagsins á ráðstefnunni var Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

### NGO Forum, Portúgal

Kvenréttindafélag Íslands var með kynningu á starfsemi félagsins á fundi frjálsra félagasamtaka í Lissabon, Portúgal 7. október til 11. október 2015. Félagið var með bás á hátíðinni, og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt ræðu um Kvenréttindafélagið, kvenréttindi á Íslandi og jafnlaunastaðalinn.

### Conférence – Égalité entre femmes et hommes dans la prise de décision politique et économique?

Félagið tók þátt í ráðstefnu smáþjóðaríkja í Lúxembúrg 14. október til 15. október 2014. Fulltrúar frá Andorra, Íslandi, Kýpur, Liechtenstein, Lúxembúrg, Möltu, Mónakó og San Marínó ræða þar saman um þátttöku kvenna í ákvarðanatöku í heimalöndum sínum. Helga Dögg Björgvinsdóttir hélt ræðu um stöðu kvenna á Íslandi og kynnti sérstaklega jafnlaunastaðalinn, en einnig sótti ráðstefnuna Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

Ráðstefnan var skipulögð af National Council of Women of Luxembourg og jafnréttisráðuneyti Lúxembúrgar, sem hluti af starfi þeirra fyrir Evrópusambandið, en Lúxembúrg gegndi forsetaembætti ESB 2015.

## **Félagaöflun**

Kvenréttindafélagið hefur á árinu unnið að því að að efla félagatal sitt. Í árslok 2014 voru félagar 448. Í árslok 2015 voru félagar 540.

Heiðursfélagar eru Vigdís Finnbogadóttir, Sigríður Th. Erlendsdóttir og Björg Einarsdóttir.